

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h. 81
17. maí

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 39 1. júní 1938, um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestur, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. 82
21. maí

Samkvæmt heimild í k-lið 4. greinar laga frá 5. maí 1941 um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1941:

Utan Reykjavíkur.

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 1. júní þ. á. og skulu þær liggja til sýnis til 8. júní þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 8. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldir fyrir 15. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 1. júlí þ. á.

Úrskurðir yfirskattanefnda skulu felldir fyrir 8. júlí þ. á.

Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum sínum fyrir 8. júlí þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 21. maí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu. 83
27. maí

I. KAFLI

Um upprekstur og vorsmölun.

1. gr.

Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fénað sinn til afreittar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráfarðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fénað heima, ef þeir hafa sauðhelda girðingu fyrir hann í sínu landi, eða ef nægur afréttur er ekki til. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undanþágu frá þessari skyldu.